
Minnisblað

Dagsetning: 13. febrúar 2021

Höfundur: Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi aðgerðir á landamærum vegna COVID-19.

Í reglugerð um sóttkví, einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 nr. 18/2021 er kveðið á um að öllum sem dvalið hafa í meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum í löndum sem skilgreind eru af sóttvarnalækni sem áhættusvæði, er skylt að fara í sýnatöku á landamærastöðvum hér til greiningar á SARS-CoV-2. Ef fyrsta sýni sýnir ekki merki um sýkingu þá er viðkomandi skylt að fara í 5 daga sóttkví og síðan í seinni sýnatöku. Börn fædd 2005 og síðar eru undanþegin sýnatöku en skylt að dvelja í sóttkví með foreldri eða forráðmanni.

Sóttvarnalæknir getur gefið undanþágu frá skimun á landamærum eins og fram kemur í reglugerðinni og sömuleiðis eru einstaklingar sem eru með vottorð um yfirstaðna COVID-19 sýkingu eða bólusetningu gegn COVID-19, undanþegnir skimun á landamærum. Vottorð um bólusetningu þurfa að uppfylla skilmála alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar eða vera gefin út í EES/EFTA ríki.

Að undanfögnu hefur greiningum á COVID-19 fækkað verulega innanlands sem gefur vonir um frekari tilslakanir á takmörkunum innanlands. Hins vegar greinist áfram töluverður fjöldi við landamæraskimun, ýmist í fyrstu eða annarri skimun og í sumum flugvélum sem hingað koma eru allt að 10% farþega með virk smit. Smitum á landamærum hefur farið fækkandi undanfarið sem endurpeglar færri farþega sem hingað koma. Að meðaltali eru um 1% farþega með virk smit og hefur þetta hlutfall haldist nokkuð óbreytt síðustu vikur og mánuði.

Þó að fyrirkomulag skimana á landamærum hafi gefist vel og það komið í veg fyrir frekari útbreiðslu innanlands þá er ljóst að ýmsir veikleikar á fyrirkomulaginu eru til staðar sem auka hættuna á útbreiðslu innanlands. Áhyggjur af þessu hafa farið vaxandi í ljósi aukinnar útbreiðslu COVID-19 erlendis og þá sérstaklega þremur nýrra afbrigða veirunnar sem eru meira smitandi en þær sem fyrir eru. Með auknum afléttingum innanlands þá geta skapast hér aðstæður fyrir vaxandi útbreiðslu. Það skortir vissulega meiri þekkingu á þessum afbrigðum og talin er hættu á að þau bóluefni sem nú eru í notkun virki verr á afbrigði sem greindist fyrst í S-Afríku og jafnvel að menn geti smitast aftur af afbrigðinu frá Brasilíu.

Jón Pétur Jónsson yfirlögregluþjónn landamærasviðs ríkislögreglustjóra birti nýlega áhættumat vegna smita á landamærum af völdum COVID-19 sem unnið var af landamærasviði ríkislögreglustjóra í samvinnu við almannavarnadeild og lögreglustjórann á Suðurnesjum þar sem lagðar voru fram tillögur til úrbóta (fylgir í sér skjali). Í greinargerðinni kemur skýrt fram (sjá mynd 3) að fjöldi innanlandssmita tengist greinilega fjölda smita á landamærum. Þetta rennir stoðum undir að smit á landamærum tengjast sterkt smitum innanlands og skv. upplýsingum frá rakningateymi þá hafa mörg innanlandssmit greinst í nánasta umhverfi þeirra sem greinast á landamærum. Í greinargerð Jóns kemur einnig fram að mörg dæmi eru um brot á reglum um sóttkví og einangrun, og þá hafa ættingjar og vinir farþega oft náð í fólk á Leifsstöð þó að það sé bannað samkvæmt leiðbeiningum. Þetta eykur hættuna á útbreiðslu veirunnar innanlands. Sömuleiðis hafa farþegar verið uppvísir að því að skrá rangar upplýsingar um símanúmer og dvalarstað á Íslandi. Tillögur mínar hér að neðan um úrbætur á fyrirkomulagi skimana á landamærum byggja að miklu leyti á greinargerð Jóns Péturs Jónssonar.

Í reglugerð nr. 18/2021 er kveðið á um að vottorð um bólusetningu gegn COVID-19 geti losað ferðamenn undan skimun og sóttkví við komuna til landsins. Ekkert land í Evrópu hefur enn sem komið er lögfest þetta fyrirkomulag og í nýlegum tilmælum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var mælt til þess að bólusetningavottorð yrðu ekki notuð til að undanskilja einstaklinga frá aðgerðum á landamærum vegna COVID-19. Ástæðan er sú að ekki hefur verið sýnt fram á með áreiðanlegum rannsóknum að bólusetning komi í veg fyrir dreifingu veirunnar en von er á niðurstöðum á næstunni. Því væri óráðlegt á þessari stundu að losa bólusetta einstaklinga undan sóttvarnaráðstöfunum á landamærum hvað sem síðar verður.

Á þessum tímapunkti, þegar staðan á COVID-19 hér á landi er með miklum ágætum er ljóst að hættan á vaxandi útbreiðslu innanlands tengist einkum því hvernig til tekst að greina og einangra smit á landamærunum. Með því að tryggja eins og best verður á kosið að smit berist ekki inn í íslenskt samfélag erlendis frá þá verður hægt að slaka á takmörkunum innanlands. Þessi nálgun er að mínu mati nauðsynleg á meðan beðið er eftir aukinni útbreiðslu bólusetninga hér á landi og erlendis.

Tillögur mínar um aðgerðir á landamærum eru eftirfarandi:

1. Aðgerðir taki gildi eins fljótt og auðið er og gildi til 1. mars 2021. Ákvörðun um tímasetningu gildistöku verði gerð í samvinnu við þá aðila sem ætlað er að útfæra tillögurnar.
2. Afnumið verði að bólusetning, innanlands og/eða erlendis, veiti undanþágu frá skimunum á landamærum. Þetta þarf að endurskoða eftir því sem niðurstöður rannsókna birtast um áhrif bólusetningar á dreifingu veirunnar.
3. Allir sem til landsins koma verði krafðir um vottorð fyrir neikvæðu PCR-prófi gegn SARS-CoV-2 fyrir byrðingu í brottfararlandi (skip og flugvélar) sem og við komuna til landsins. Prófið verður að hafa verið tekið innan við 72 klst. fyrir brottför. Hraðgreiningarpróf (mótefna-/mótefnavaþróf) verða ekki tekin gild. Börn sem fædd eru 2005 og síðar verði undanþegin vottorðum og sömuleiðis þeir sam hafa vottorð/staðfestingu um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eins og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir.

- a. Vottorð þurfi að vera á ensku eða einhverju Norðurlandamáli (ekki finnsku). Þar skuli koma fram dagsetning sýnatöku, nafn og símanúmer rannsóknarstofu, og nafn og fæðingardagur þess sem sýni var tekið frá.
 - b. Niðurstöðu rannsóknar skuli forskrá rafrænt ásamt öðrum upplýsingum fyrir brottför.
 - c. Vottorði um niðurstöðu skuli framvísa við byrðingu í brottfararlandi og aftur á landamærum við komu.
 - d. Skip- og flugrekendum verði gert skylt að kanna að farþegar hafi neikvætt og gilt PCR-próf við byrðingu. Að öðrum kosti verði þeir gerðir ábyrgir fyrir kostnaði sem hlýst af frávísun farþega við landamæri.
 - e. Einstaklingum sem ekki geta framvísað vottorði við komu til landsins verði annað hvort snúið til baka eða þeim gert að greiða sekt.
 - f. Þeim sem eru með jákvæða niðurstöðu úr PCR-rannsókn við byrðingu (eru með SARS-CoV-2) verði snúið frá ferðalagi til Íslands.
4. Öllum ferðamönnum sem hingað koma verði eins og áður gert að fara í skimun við komu, sóttkví í 5 daga ef niðurstaða er neikvæð og seinni skimun eftir 5 daga. Þetta verði gert þrátt fyrir að framvísað verði vottorði um neikvætt PCR-próf.
 5. 14 daga sóttkví verði áfram ekki valkvæð.
 6. Börnum sem fædd eru 2005 og síðar verði gert að vera í sóttkví með forráðamanni þó sýnataka sé ekki framkvæmd.
 7. Óbreytt frá fyrri reglugerð: Þeir sem sýnt geta fram á með vottorði að þeir hafi smitast af COVID-19 verði undanþegnir skimun á landamærum.
 8. Einstaklingum með jákvæða niðurstöðu í fyrstu skimun á landamærum verði gert að dveljast í sóttvarnahúsi ef sýnt þykir að viðunandi einangrunar-/sóttkvíaraðstaða er ekki fyrir hendi. Einnig verði þeim sem greinst með þau afbrigði veirunnar sem eru meira smitandi en önnur afbrigði og/eða valda alvarlegri sjúkdómi, gert að dvelja í sóttvarnahúsi.
 9. Eftirfarandi úrbætur verði gerðar á núverandi framkvæmd sóttvarna á landamærum:
 - a. Forskráningaform lagfært skv. lið 4 í greinargerð Jóns Péturs.
 - b. Persónuupplýsinar farþega sannreyndar.
 - c. Tryggt verði að farþegar verði ekki sóttir af ættingjum og vinum á landamæra-stöð.
 - d. Eftirlit verði hert með þeim sem eru í sóttkví eða einangrun.
 - e. Frávísun eða sektarákvæðum verði beitt á þá sem neita sýnatöku við komu eða fylgja ekki fyrirmælum um vottorð, sóttvarnir eða einangrun.